



Fundargerð fræðslunefndar

Mánudaginn 14. apríl 2008, var fundur haldinn í fræðslunefnd Skagastrandar kl. 16:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Birna Sveinsdóttir, Aðalheiður Árnadóttir, Erla Jónsdóttir, Gígja Óskarsdóttir, Vigdís Ómarsdóttir, Ragnheiður Skaptadóttir fulltrúi foreldra, Sesselja Guðmundsdóttir fulltrúi starfsmanna og Þórunn Bernóðusdóttir Leikskólastjóri.

Formaður fræðslunefndar, Birna Sveinsdóttir setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Lækkun á aldri leikskólabarna.

Formaður lagði fram svohljóðandi tillögu: Fræðslunefnd Skagastrandar samþykkir að frá og með 1. ágúst 2008, gildi sú regla að heimilt sé að innrita 12 mánaða börn í leikskóladvöl á Barnabóli. Ekki er gert ráð fyrir að dvalarrýmum fjölgi við þessa breytingu.

Leikskólastjóri gerði grein fyrir skráningu leikskólabarna og áætlun um mögulegan fjölda ef breyting verður gerð á innritun í leikskólann skv. tillögunni. Umræður urðu um málið og var tillagan samþykkt með 4 atkvæðum gegn einu.

Erla Jónsdóttir óskar eftir bókun:

Það er leitt að Fræðslunefnd hafi ekki metnað til þess að lækka aldurtakmark niður í 9 mánuði til að koma á móts við gildandi lög um fæðingarorlof líkt og tíðkast orðið mjög víða.

2. Húsnæði leikskólans Barnabóls

Formaður lagði fram svohljóðandi tillögu: Fræðslunefnd Skagastrandar samþykkir að beina því til sveitarstjórnar að hafin verði undirbúningur að stækkun leikskólans með því að láta gera frumáætlun um viðbyggingu. Í þeirri frumáætlun verði rýmisþörf skilgreind og gerð tillaga um stækkun og gert kostnaðarmat. Umræður urðu um húsnæði leikskólans og hugsanlega stækkun hans. Tillagan var samþykkt samhljóða.

3. Bréf félags leikskólakennara

Fyrir fundinum lá bréf Félags leikskólakennara dags. 19. mars 2008 þar sem kynntar eru ályktanir aðalfundar félagsins sem haldinn var 13. og 14. mars. Meðfylgjandi bréfinu voru umræddar ályktanir:

- a) Kjaramálaályktun
- b) Ályktun um réttindi og starfsaðstæður trúnaðarmanna.
- c) Ályktun um stefnu í vinnuumhverfismálum.
- d) Skólamálaályktun.



FRÆÐSLUNEFND SKAGASTRANDAR

- e) Ályktun um menntunaráttak.
 - f) Ályktun um lágmarkskröfu í íslensku til að geta starfað í leikskóla.
 - g) Ályktun vegna áforma Reykjavíkurborgar um 5 ára bekki.
- Bréfið og ályktanirnar voru til kynningar.

4. Önnur mál

Rætt var um úrbætur á bílastæðinu og aðkomu við leikskólann.
Leikskólastjóri fór yfir starfsmannamál.